

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1661  
komudagur 27.4.2011


Samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Hólmavík, 26. apríl 2005


Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008.


Hreppsnefndir Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Hólmavíkurhrepps, Broddaneshrepps og Bæjarhrepps gefa eftirfarandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008:


Sveitarstjórnir í Strandasýslu mótmæla harðlega nýrri samgönguáætlun og telja það óforsvaranlegt að ekkert eigi að gera í vegaf framkvæmdum í Strandasýslu næstu fjögur árin. Vegir um sýsluna eru víðast hvar nánast ónýtir, en um þá fer allur þungaflutningur til svæðisins og norðanverðra Vestfjarða. Miðað við óbreyttar forsendur er talið að vegurinn frá Brú til Hólmavíkur verði alveg ónýtur eftir tvö ár. Því er gerð sú krafa að veitt verði nægu fjármagni til sýslunnar svo ljúka megi þeim vegaf framkvæmdum sem nauðsynlegar eru og hafa verið tíundaðar við samgönguráðherra og þingmenn og hjálagaðar eru til Samgöngunefndar. Allt annað er óásættanlegt eigi byggð að þrífast í Strandasýslu.

  
Gunnsteinn Gíslason

  
Jenný Jensdóttir

  
Haraldur V. A. Jónsson

  
Sigurður Jónsson

  
Ragnar Pálmason

Hjálagt: Ályktanir sveitarstjórna Strandasýslu í vegamálum.



Á hreppsnefndarfundi Hólmavíkurbæis þann 5. apríl 2005 var eftirfarandi bókun gerð:

“Hreppsnefnd Hólmavíkurbæis mótmælir harðlega hugmynd um vegaáætlun 2004-2008 þar sem ekkert er áætlað af vegafé til Stranda fyrr en árið 2008 þrátt fyrir að vegurinn um Arnkötludal sé búinn að fara í umhverfis- og arðsemismat sem sannar að hann sé arðbærasti valkosturinn í vegagerð sem völ er á fyrir leiðina Ísafjörður-Reykjavík. Allur landflutningur fer nú um Djúpveg 61 frá Brú og er sá vegur ekki gerður fyrir slíka flutninga og orðinn ónýtur að stærstum hluta.”

Haraldur V A Jónsson  
Saldanabjarnar  
Hólmavíkurbær  
Hólmavíkurbær  
Svein Sanna

Þann 8. mars 2005 var haldinn almennur borgarafundur sem hreppsnefnd Hólmavíkur boðaði til og sátu um 60 manns fundinn. Komu fram fyrirspurnir til sveitarstjórnar og var rætt vítt og breitt um málefni sveitarfélagsins. Þá urðu einnig umræður um samgöngumál og sérstaklega almennan áhuga Hólmvíkinga fyrir því að lagður verði vegur um Arnkötludal og Gautsdal á allra næstu árum.

Eftirfarandi tillaga kom fram og voru engar athugasemdir gerðar við hana. Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða:

“Fjölmennur íbúafundur á Hólmavík 8. mars 2005 skorar á samgönguráðherra og aðra þingmenn Norðvesturkjördæmis að tryggja það að vegur um Arnkötludal og Gautsdal verði lagður sem fyrst, vegna stóraukinna þungaflutninga. Stefnt verði að því að vegarlagning verði boðin út innan árs.

Náttúrustofa Vestfjarða hefur annast umhverfismat fyrir Leið ehf., sem hefur fengið Línuhönnun hf. til að undirbúa framkvæmdir við Arnkötludalsveg. Væntanlega mun endanleg skýrsla um umhverfismat verða lögð fyrir Skipulagsstofnun bráðlega.

Fundurinn þakkar Jónasi Guðmundssyni sýslumanni í Bolungavík ómetnalega forystu um það að flýta undirbúningi að vegagerðinni, sem styttir vegarleið um 40 km. og verður nauðsynleg samgöngubót og mikið hagsmunamál fyrir atvinnurekstur og alla íbúa á norðanverðum Vestfjörðum.”


Alkunnur er margvíslegur rökstuðningur fyrir veltengingu um Arnkötludal að Gilsfjarðarbrú. Verða hér rakin nokkur veigamikil atriði, sem ættu að vera augljós öllum og til þess fallin að sjálfsagt þyki að Arnkötludalsvegur hafi forgang í vegagerð til að forða neyðarástandi við þungaflutninga til norðanverða Vestfjarða, svo ekki sé minnst á hagræði í almennt umferð og ferðaþjónustu.


- Vegarlagning um Arnkötludal er aðeins um 25 km. en styttir akstursleiðina frá norðanverðum Vestfjörðum um rúma 40 km. og er það í samræmi við það sem keppt er að við lagningu þjóðvega á milli héraða. Í kjördæminu og víðar hafa nýbyggingar vega stytt leiðir og eru viðkomandi byggðarlögum til mikilla hagsbóta. Ekki er hægt að hugsa sér ódýrari framkvæmd og meiri arðsemi við vegagerð miðað við þann árangur sem styttingin og nýr vegur veitir. Á meðan á framkvæmdum Arnkötludalsvegar stendur verða verktakar ekki truflaðir af umferð og má því búast við hagkvæmari tilboðum í verkið.
- Vegurinn frá Brú norður Strandir getur með engu móti borið vaxandi umferð vöruflutningabíla og oft verður að takmarka öxulþunga. Á leiðinni eru 14 einbreiðar brýr og vegurinn stórhættulegur í hálfu sem og að mæta gámaflutningabílum sem eru mikið á ferðinni. Það er hætta á því að þungaflutningar til norðanverða Vestfjarða geti ekki verið með eðlilegum og nauðsynlegum hætti á mörgum komandi árum nema að aukið fjármagn komi til nýbyggingar vega á einu vetrarfæru leiðinni næstu árin. Heppilegasti, ódýrasti og

eini kosturinn til að leysa aðsteðjandi vanda í samgöngumálum á þessu svæði er að Arnkötludalur verði uppbyggður svo fljótt sem auðið er.

- Arnkötludalsvegur tengir saman byggðir frá norðanverðum Ströndum um Reykhólahrepp að Dalabyggð og verður aðeins 80 km. á milli Hólmavíkur og Búðardals. Við þetta stækkar þjónustu- og atvinnusvæðið. Það skapast margvíslegir möguleikar í félags- og menningarmálum og fleiri valkostir verða í sameiningarmálum sveitarfélaga. Einróma samþykktir hreppsnefnda og bæjarstjórna Hólmavíkurhrepps, Reykhólahrepps, Dalabyggðar, Súðavíkurhrepps, Bolungavíkur og Ísafjarðabæjar liggja fyrir um lagningu Arnkötludalsvegar og er það í samræmi við samþykktir Fjórðungsþing Vestfirðinga.

Hólmavík, 29. mars 2005

  
Haraldur V.A. Jónsson, óddviti

  
Engilbert Ingvarsson, ritari

## Hugleiðingar um vegamál í Strandasýslu

Vegir í Strandasýslu hafa verið í fjárhagslegu framkvæmda- og viðhaldssveldi til margra ára. Samþykkt FSV frá 1997 og vegaáætlun sem samþykkt var í framhaldinu setti allar framkvæmdir í Strandasýslu sunnan Hólmavíkur í biðstöðu.

Þrátt fyrir að um Strandasýslu liggi þjóðleiðin til Ísafjarðar hefur hlutur Strandasýslu í því viðbótarfjármagni sem komið hefur undanfarin ár til vegamála á Vestfjörðum verið stórlega fyrir borð borinn.

Íbúar Strandasýslu vilja oft gleymast í umræðunni um vegamál á Vestfjörðum.

Samkvæmt gildandi vegaáætlun var ekki gert ráð fyrir neinum nýframkvæmdum í Strandasýslu sunnan Hólmavíkur fyrr en á tímabilinu 2007-2010 en þá var gert ráð fyrir 400 milljónum í framkvæmdir annað hvort á leiðina Brú Hólmavík eða í nýjan veg um Arnkötludal. Síðan var gert ráð fyrir 500 milljónum í framkvæmdina á tímabilinu eftir 2010. Ef litið er til lengri tíma með nýtingu á fjármagninu eru ekki miklar líkur á að byrjað verði á framkvæmdum fyrr en eftir 2008 eða 9.

Þetta er ekki ásættanlegt.

Nú er verið að vinna að nýrri vegaáætlun sem unnið verður eftir næstu árin. Allar líkur eru til þess að vegur um Arnkötludal komist inn á áætlun og ber að fagna því. Þessi leið mun stytta ferðatímann til Reykjavíkur verulega fyrir stærstan hluta af íbúum Strandasýslu og eins fyrir þá sem búa á norðanverðum Vestfjörðum.

En þessi vegur er ekki kominn strax og hann mun ekki bæta samgöngur eða samskipti milli byggðarlaga í Strandasýslu.

Vegir í Strandasýslu sunnan Hólmavíkur þurfa enn um sinn og allmörg næstu árin að bera þungan af allri umferð sem til Hólmavíkur og norðanverðra Vestfjarða fer. En vegurinn ber alls ekki þá miklu þungaflutninga sem á honum hafa verið undanfarin ár og er sífellt að aukast. Handónýtir moldarvegir og aðrir ámóta lélegir vegir með einbreiðu slitlagi eru ekki boðlegir og finnast ekki aðrir eins annars staðar á landinu. Það er ekki spurning hvort heldur hvenær þarna verður stórslys. Hver spotti á þessari leið sem byggður er upp eða lagfærður kemur strax að notum og eykur um leið öryggi vegfarenda.

Það er því krafa okkar til þingmanna kjördæmisins að þeir tryggi fjármagn til nauðsynlegs viðhalds og endurbóta á veginum Brú Hólmavík. Og við mótmælum því harðlega að þeim litlu fjármunum sem ætlaðir hafa verið til viðhalds þessa vegar verði teknir til annara verkefna.

Sameining sveitarfélaga er ýmsum þingmönnum mikið kappsmál en um slíkt er tómt mál að tala meðan lélegar vegasamgöngur innan svæðisins torvelda eðlileg samskipti íbúanna. Það er því ljóst að gera verður stórátak í vegamálum til að sameining Strandasýslu í eitt sveitarfélag verði raunhæfur valkostur.

Það liggur ljóst fyrir að þó vegað verði um Arnkötludal og Ísafjarðarumferðin til Reykjavíkur eigi skamma viðdvöl á vegum Strandasýslu þá er þörfin fyrir bætтар vegasamgöngur á leiðinni Hólmavík Brú enn fyrir hendi.

## **Vegakaflar í Strandasýslu sem þurfa uppbyggingu og viðhald sem fyrst:**

Þessi upptalning er ekki sett upp í forgangs röð. Byrjað er nyrst og haldið suður á við.

**Byggja þarf upp Strandaveg 643 að mjög stórum hluta frá vegamótum Djúpvegar og norður um.**

**Ljúka þarf uppbyggingu Drangsnarveg 645.**

**Byggja þarf upp ákveðna kafla á Snæfjallastrandarvegi um Langadalsströnd. Á Djúpvegi 61 sunnan Hólmavíkur þarf uppbyggingu og endurbætur á öllum malarvegum svo og breikkun einbreiðra slitlaga í Bitrufirði og Hrutafirði.**

Þrátt fyrir nauðsyn þess að hafa góðar og skilvirkar leiðir fyrir Vestfirðinga til Reykjavíkur þá búa ennþá margir íbúar Vestfjarða við algjörlega óviðunandi samgöngur innan síns byggðarlags. Stór hluti vegakerfis Strandasýslu er utan stystu og bestu leiðar til Reykjavíkur. Þessi hluti vegakerfisins er einnig að miklu leiti illfær stærstan hluta ársins og þeir sem við þessar aðstæður búa leggja fyrst og fremst áherslu á bættar samgöngur innan Strandasýslu og nauðsyn þess að komast til næsta þéttbýlisstaðar án teljandi vandkvæða.

## Vegamál í Kaldrananeshreppi

*Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps vill benda þingmönnum Norðvestur kjördæmis á að ástand vega í sveitarfélaginu er mjög slæmt og vonast til að þeir við endurskoðun vegaaætlunar nú í vetur standi saman og leggi verulega fjármuni til vegabóta í Kaldrananeshreppi.*

Ljúka verður uppbyggingu **Drangnesvegur nr 645** með **bundnu slitlagi** á sama hátt skal ljúka uppbyggingu **Strandavegar nr 643** frá vegamótum í Staðardal að vegamótum Drangnesvegur

Vegur um Selströnd frá Hálsgötugili að Drangnesi hefur verið í uppbyggingu í mörg ár og viljum við þakka það sem vel hefur verið gert. En fjármagn til vegarins er svo takmarkað að ekki er hægt að vinna nema mjög stutta kafla hverju sinni og þá með því að safna saman nokkurra ára fjárveitingum. Verktakar eru nú að hefja vinnu við uppbyggingu á smákafli og verður honum lokið fyrir haustið. Þessi kafli þó stuttur sé verður mikil samgöngubót en dugar bara ósköp skammt.

*Það er með öllu óviðunandi að leiðinni milli Drangness og Hólmavíkur skuli oft á ári hverju vera lokað fyrir vöruflutningum, með sjö tonna öxulþungatakmörkunum auk þess að vera langtímum saman nánast ófær vegna aurbleytu og holóttis malar slitlags.*

Þá er enn eftir kaflinn á Strandavegi frá vegamótum Drangnesvegur á Selströnd, yfir Bjarnarfjarðarháls og að brúnni á Bjarnarfjarðará.

Uppbygging þessa kafla Strandavegar á það sammerkt með ýmsum öðrum vegum á Ströndum að þola enga bið, hann verður að einu drullusvaði á hverju vori og þolir varla þá fáu fjárflutningabíla sem um hann fara að hausti án þess að honum sé lokað með öxulþungatakmörkunum. Uppbygging þessa kafla nýtist öllum sem við Strandaveg búa líka íbúum Árneshrepps og er tenging ferðaþjónustu í Árneshreppi og á Laugarhóli í Bjarnarfirði við þjóðvegakerfið en þessi stutti kafli er ótrúlegur þröskuldur fyrir vaxandi ferðaþjónustu á þessu svæði. Eru mörg dæmi þess að ferðahópar sem hafa viljað koma og jafnvel átt bókaða dvöl á Laugarhóli hafi orðið að fara annað vegna þess að vegurinn leyfir ekki rútuumferð vor eða haust.

Brúin yfir Bjarnarfjarðará er nánast ónýt og lagt hefur verið til að setja sjö tonna öxulþungatakmörkun á hana sem gerir fiskflutninga frá Norðurfirði nánast óframkvæmanlega og eins er með alla aðdrætti fyrir íbúa norðan hennar. Þess má og geta að Sorpsamlag Strandasýslu mun ekki geta sinnt sorphirðu norðan Bjarnarfjarðarár eftir að sú þungatakmörkun verður komin á. Vonandi er þessi brú að komast á framkvæmdaáætlun og er það gott mál, og útlit er fyrir að henni verði fundinn staður í góðri sátt við íbúa.

Eins er með veginn frá Drangnesi norður í Bjarnarfjörð hann er enn á moldarstiginu, lokaður vegna aurbleytu þegar hann er ekki ófær vegna snjóá. Þessa leið ekur fólk til og frá vinnu og skóla á Drangnesi. Þessi leið er á vegi 645 Drangnesvegi.

Í sumar verður væntanlega lokið við uppbyggingu Strandavegar á Bólum norðan Bjarnarfjarðar með tengingu frá Illaholti að Eyjum.

Boðlegar samgöngur eru alger forsenda þess að raunhæft sé að huga að sameiningu sveitarfélaga í Strandasýslu og þó nauðsyn sé á góðum vegum frá og að þessu væntanlega sameinaða sveitarfélagi eru góðir vegir og þar með samgöngur innan þess alger forsenda til að byggð haldist.

Á síðustu árum hafa þungaflutningar á vegum í Strandasýslu aukist gríðarlega sérstaklega á Djúpvegi en hann hefur orðið að bera uppi alla þá gríðarlegu aukningu sem hefur orðið vegna þess að strandflutningar heyra nánast sögunni til og þungaflutningar eru að mestu komnir á þjóðvegina sem ekki höfðu burðargetu nema fyrir brot af því sem þeim er ætlað að bera nú, án nauðsynlegra fjármuna til viðhalds hvað þá uppbyggingar.

Það er hlutverk fjárveitingavaldsins að sjá til þess að fjármagn til vegagerðar sé þannig að Vegagerðin geti sinnt hlutverki sínu.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps væntir þess að þingmenn kjördæmisins taki nú saman höndum og leggi sitt að mörkum til þess að Strandir haldist í blómlegri byggð með samgöngumannvirkjum sem þeir geta verið stoltir af að hafa átt þátt í að byggja upp.



## Helstu ástæður til endurbóta á Djúpvegi 61 frá Brú til Hólmavíkur.

Þó tekin verði ákvörðun um að leggja veg um Arnkötludal/Gautsdal þá verður enn um nokkur ár aðal leiðin frá Reykjavík til Hólmavíkur og Ísafjarðar um þennan veg með síauknum þungaflutningum.

Vegurinn er nú orðinn hættulegur vegna þess að hann ber ekki þá miklu þungaflutninga sem eiga sér stað og ekki boðlegt hér frekar en annars staðar að aka árið um kring á holóttum malarvegum.

Einbreiða klæðningin í Hrútafirði og Bitrufirði er orðin ónýtt og hefur verið miklu til kostnað til með viðhald sem hvergi nærri dugar og verður sífellt erfiðara að að bæta þar um. Óþarfi ætti að vera að benda á hættuna sem stafar af akstri stóra og smárra bíla á mjóum vegum og þá ekki síst þar sem einbreið klæðning er.

Þó svo að nýr vegur taki við umferðinni frá Reykjavík til Hólmavíkur og Ísafjarðar að nokkrum árum liðnum þá verður samt sem áður þörf fyrir boðlegan veg fyrir íbúa svæðisins um ókomin ár.

Strandavegur tekur við á gatnamótum við brúna á Staðará í Steingrímsfirði og liggur um Bjarnarfjarðarháls, norður Bala, Veiðileysuháls og Reykjarfjörð til Norðurfjarðar. Nú er svo komið að búist er við að um brúna á Bjarnarfjarðará verði aðeins leyfður 7 tonna öxulþungi í sumar sem þýðir að vörubifreiðar sem flutt hafa fisk og sláturfé undanfarin ár úr Árneshreppi meiga ekki aka um brúna og virðist nú ennþá þrengjast kostur þeirra sem þrauka við skertan hlut í samgöngumálum miðað við aðra íbúa landsins. Einnig er vert að benda á að eini þátturinn sem hægt væri að fara í án lagabreytinga varðandi áætlun um eflingu byggðar og menningarlandslags í Árneshreppi er öflugt átak í að koma byggðinni í nútíma vegasamband.

Drangsnesvegur hefst við gatnamót við Hálgötugil á Selströnd og ef vilji er til að koma Drangsnesi í boðlegt vegasamband með bundnu slitlagi þá er ekki eingöngu nauðsynlagt að endurbæta og klára Drangsnesveg heldur einnig Strandaveg yfir Bjarnarfjarðará.

Eins og ástand vega í Kaldrananeshreppi er nú hátt að eru vegir þar allir með þungatakmörkunum við 7 tonna öxulþunga. Varla getur um dæmi þess að svo sé annarsstaðar þar sem þéttbýli með þýðingarmikinn atvinnurekstur á í hlut.

Flugvöllurinn á Hólmavík var mikið öryggismál fyrir íbúa í nágrenninu varðandi sjúkraflug og ætti svo að vera áfram en síðastliðið sumar var völlurinn í því ástandi að flugfélagið sem átti að sinna sjúkraflugi þaðan neitaði ítrekað að lenda á vellinum vegna slæms ástands vallarins. Mjög brýnt er að úrbætur verði gerðar svo hægt sé að nota völlinn ef nauðsyn krefur.

Nú eru í undirbúningi atkvæðagreiðslur um sameiningu sveitarfélaga og meðal annars er gert ráð fyrir að sameina Strandasýslu alla í eitt sveitarfélag. Ef sameining Strandasýslu á að vera raunhæfur kostur þá þarf að gera stórátak í vegamálum til að tengja byggðirnar saman.

Í skýrslu um áhrif af lagningu vegar um Arnkötludal/Gautsdal sem unnin var fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga komu fram jákvæð áhrif fyrir Dali og Reykhólahrepp af vegalagningunni en engu getið um neikvæðu áhrifin sem það hefði fyrir byggðirnar sunnan Hólmavíkur sem ekki eru síður mikilvæg byggðinni þar.

Vaxtarsamningur Vestfjarð er góðra gjalda verður fyrir íbúa Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar en gæta verður þess að hann verði ekki til að skerða þjónustu og uppbyggingu á Ströndum eins og að virðist stefnt.